# Sunnudagur 24. desember



SJÓNVARPIÐ

aðfangadagur

13.00 **Fréttir og veður.** Barnaefni:. 13.15 Töfraglugginn. Endurtekinn þáttur frá sl. miðvikudegi. 14.05 Lubbi og Lína. (Crystal Tips and Alister). Stutt teiknimynd án tals sem fjallar um litla telpu og hundinn hennar. 14.10 Jólasveinninn. Jólasveinninn kemur til Finnlands og á góða stund með börnunum þar. Þýðandi Ýrr Bertelsdóttir. 14.45 Lubbi og Lína. 14.50 Blátá. (Blue Toes the Christmas Elf). Saga um bláálfinn og mörgæsina, vin hans. Sögumaður Sigrún Edda Björnsdóttir. Þýðandi Veturliði Guðnason. 15.15 Lubbi og Lína. 15.20 Fjóluhafið og hvíti svanurinn. Mynd um konungsríkið sem hvarf en kærleikurinn lifði allt af. Sögumaður Harald G. Haraldsson. Þýðandi Kristín Mäntylä. (Nordvision – Finnska sjónvarpið.) 15.30 Lubbi og Lína. 15.35 Jólaævintýri Bensa. (Benjis Own Christmas Story). Þýðandi Ólafur B. Guðnason. 16.00 Götóttu skórnir. (Tolv dansanda prinsessor). Myndin byggir á ævintýri úr sögusafni Grimmsbræðra. Hvað gera prinsessurnar tólf að nóttu til? Sögumaður Edda Þórarinsdóttir. Þýðandi Kristín Mäntylä. 16.15 Pappírs-Pési. Sjónvarpsmynd eftir Ara Kristinsson byggð á sögu eftir Herdísi Egilsdóttur. Maggi er nýfluttur í hverfi þar sem hann þekkir engan. Honum leiðist á daginn og tekur það til bragðs að teikna strák sem hann nefnir Pappírs-Pésa. En Pési lifnar við og saman lenda þeir Maggi í ýmsum ævintýrum. (Endursýning frá 1. jan. 1989.)

16.45 **Hlé.** Framhald.

21.20 **Með gleðiraust og helgum hljóm.** Maríuvísur og gömul jólavers í flutningi Hamrahlíðarkórsins og leikaranna Kristjáns Franklín Magnúss og Ragnheiðar Steindórsdóttur. Stjórnandi kórsins Þorgerður Ingólfsdóttir. Umsjón Sveinn Einarsson. Dagskrárgerð Kristín Björg Þorsteinsdóttir. Upptaka fór fram í Seltjarnarneskirkju.

22.00 **Aftansöngur jóla.** Biskupinn yfir Íslandi, herra Ólafur Skúlason, predikar í Bústaðakirkju. Kór kirkjunnar og barnakór syngja.

23.00 **Jólatónleikar með Jessye Norman.** Hin heimsfræga bandaríska söngkona syngur á tónleikum í Ely dómkirkjunni í Cambridgeshire ásamt amerískum drengjakór, Sinfóníuhljómsveitinni í Bournemouth og kirkjukórum. Textun: Hinrik Bjarnason o. fl. Áður á dagskrá á aðfangadag 1987.

23.55 **Nóttin var sú ágæt ein.** Helgi Skúlason les kvæðið og Sigríður Ella Magnúsdóttir syngur ásamt kór Öldutúnsskóla. Fyrst á dagskrá á aðfangadag 1986.

0.10 **Dågskrárlok.**

STÖÐ-2

9.00 **Dotta og jólasveinninn.** Bráðskemmtileg teiknimynd um Dottu litlu og jólasveininn.

10.50 **Jólasveinasaga.** Þetta er lokaþáttur þessarar ljúfu jólasveinasögu.

11.00 **Ævintýraleikhúsið.** Mjallhvít og dvergarnir sjö. Leikið ævintýri um hvernig góðu dvergarnir sjö í fjöllunum koma hinni fögru Mjallhvíti til bjargar.

11.55 **Síðasti einhyrningurinn.** The Last Unicorn. Sígild teiknimynd um einhyrning sem leitar að horfnum systkinum sínum.

13.30 **Fréttir.**

13.45 **Músin sem elskaði að ferðast.** Músastrákurinn Stefán ákvað einn daginn að drífa sig í ferðalag með lest. Á þessu ferðalagi kynnist hann öðrum músastrák.



14.10 **Skraddarinn frá Gloucester.** The Tailor of Gloucester. Skemmtileg ævintýramynd sem gerist fyrr á öldum í bresku þorpi. Aðalhlutverk: Ian Holm, Thora Hird og Benjamin Luxon ásamt ungum dönsurum og söngvurum.

14.55 **Jólaljós.** Bandaríska óperusöngkonan, Frederica von Stade, oft nefnd Flicka, flytur ásamt fleirum nokkur jólalög og sömuleiðis tónlist eftir Händel og Mozart.

15.50 **Jólagæsin.** Þýsk teiknimynd sem segir frá rosknum hjónum sem er færð að gjöf gæs nokkur. Gæsina eiga þau að ala og eta síðan á jólunum.

16.00 **Stikilsberjastelpurnar. The Adventures of Con Sawyer and Hucklemary Finn.** Tvær baldnar stúlkur búa við ána Mississippi. Önnur býr ein með móður sinni og stjúpföður en hin er munaðarlaus og orðin leið á því að vera send á milli fósturheimila. Aðalhlutverk: Drew Barrymore, Brandy Ward og James Naughton.

16.45 **Þrír fiskar.** Skemmtilegt ævintýri.

17.10 **Dagskrárlok.**

Rás I
FM 92,4/93,5

8.00 **Fréttir.**

8.05 **Morgunandakt.** Séra Guðni Þór Ólafsson, prófastur á Melstað, flytur ritningarorð og bæn.

8.15 **Veðurfregnir.** Dagskrá.

8.30 **Á sunnudagsmorgni** með Óla Þ. Guðbjartssyni kirkjumálaráðherra. Bernharður Guðmundsson ræðir við hann um guðspjall dagsins, Jóhannes 3, 22–36.

9.00 **Fréttir.**

9.03 **Jólaalmanak Útvarpsins.** Frú Pigalopp og jólapósturinn eftir Björn Rönningen í þýðingu Guðna Kolbeinssonar. Margrét Ólafsdóttir lýkur flutningi sínum. (24) Umsjón: Gunnvör Braga.

9.15 **Magnificat í D-dúr eftir Johann Sebastian Bach.** Elly Ameling, Hanneke van Borks, Helen Watts, Werner Krenn og Tom Krause syngja með Háskólakórnum í Vín og Kammersveitinni í í Stuttgart; Karl Münchinger stjórnar.

10.00 **Fréttir.**

10.03 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá sunnudagsins í Útvarpinu.

10.10 **Veðurfregnir.**

10.25 **Í fjarlægð.** Jónas Jónasson hittir að máli Íslendinga sem hafa búið lengi á Norðurlöndum, að þessu sinni Tryggva Ólafsson í Kaupmannahöfn. (Einnig útvarpað á þriðjudag kl. 15.03.)

11.00 **Litla jólabarn.** Hugað að jólunum, undirbúningi þeirra og boðskap.

12.10 **Dagskrá.**

12.20 **Hádegisfréttir.**

12.45 **Veðurfregnir.** Auglýsingar. Tónlist.

13.00 **Hádegisstund í Útvarpshúsinu.** Ævar Kjartansson tekur á móti sunnudagsgestum, hjónunum Sigríði Ellu Magnúsdóttur og Símoni Vaughan, Ingvari Jónassyni víóluleikara og Arnari Jónssyni leikara.

14.00 **Jólakveðjur til sjómanna á hafi úti.**

15.00 **Úr hátíðardagskrá Útvarpsins um jól og áramót.** Trausti Þór Sverrisson kynnir.

15.45 **Búðajól,** smásaga eftir Evu Seeberg. Guðrún Guðmundsdóttir þýddi. Guðný Ragnarsdóttir les.

16.00 **Fréttir.**

16.05 **Dagskrá.**

16.15 **Veðurfregnir.**

16.20 **Barnaútvarpið** – Dýrajól. Leiklesin saga með söngvum eftir Jónas Jónasson og söngtextum Péturs Eggerz. (Endurtekið frá 1985.)

17.00 **Jólaklukkur kalla.** Hamrahlíðarkórinn syngur jólalög, Þorgerður Ingólfsdóttir stjórnar. Hörður Áskelsson leikur á orgel.

17.40 **Hlé.**

18.00 **Aftansöngur í Dómkirkjunni í Reykjavík.** Prestur: séra Jakob Ágúst Hjálmarsson. Organisti: Marteinn H. Friðriksson. Dómkórinn syngur.

19.00 **Jólatónleikar Útvarpsins.** ● Elísabet F. Eiríksdóttir syngur, Jón Stefánsson leikur á orgel. ● Sigurður I. Snorrason, Guðný Guðmundsdóttir, Zbigniew Dubik, Dariusz Korcz og Malgorzata Kuziemska-Slawek leika klarinettukvintett í A-dúr k. 581 eftir Wolfgang Amaesu Mozart.

20.00 **Jólavaka Útvarpsins.** Jólasöngvar og kveðjur frá ýmsum löndum. **Friðarjól** (Hefst laust fyrir kl. 21.00). Sigríður Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Hjálparstofnunar kirkjunnar.
**María, meyjan skæra.** Ljóð og laust mál frá fyrri öldum. Jón M. Samsonarson tók saman.

22.15 **Veðurfregnir.**

22.20 **Jólaþátturinn úr óratoríunni Messías eftir Georg Friedrich Händel.** Maureen Brathwaite, Anna M. Kaldalóns, Sigríður Ella Magnúsdóttir, Jón Þorsteinsson, Ian Partridge og Peter Coleman-Wright syngja með Pólýfónkórnum og Sinfóníuhljómsveit Íslands; Ingólfur Guðbrandsson stjórnar.

23.30 **Miðnæturmessa í Hallgrímskirkju.** Prestur: séra Ragnar Fjalar Lárusson. Organisti: Hörður Áskelsson. Mótettukór Hallgrímskirkju syngur.

0.30 **Musica Antiqua.**

1.00 **Veðurfregnir.**

1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

RÁS 2 FM 90,1

9.03 **Hann Tumi fer á fætur....** Magnús Einarsson bregður jólalögum á fóninn.

11.00 **Úrval.** Úr dægurmálaútvarpi vikunnar á rás 2.

12.20 **Hádegisfréttir.**

12.45 **Tónlist.** Auglýsingar.

13.00 **Sögur af frægum jólalögum.** Skúli Helgason segir frá og kynnir.

14.00 **Jólakassinn.** Jón Gröndal og Adolf H. Petersen draga upp úr spilakassanum nokkrar jólagjafir með hjálp hlustenda.

16.05 **Bráðum koma blessuð jólin.** Magnús Þór Jónsson og Guðrún Gunnarsdóttir leika íslensk jólalög og glugga í þjóðsögur tengdar jólahaldi.

17.25 **Básúnukór Tónlistarskólans í Reykjavík leikur jólalög.** Stjórnandi: Oddur Björnsson.

17.55 **Hlé.**

18.00 **Aftansöngur í Dómkirkjunni í Reykjavík.** Prestur: Séra Jakob Ágúst Hjálmarsson. Organisti: Marteinn H. Friðriksson. Dómkórinn syngur.

19.00 **Kom blíða tíð.** Íslenskir einsöngvarar og kórar syngja jólalög.

19.30 **Heims um ból.** Ríkharður Örn Pálsson fjallar um jólatónlist frá ýmsum stöðum og ýmsum tímum.

20.30 **Útvarp unga fólksins.** Ungt fólk og tónlistargyðjan. Umsjón: Sigrún Sigurðardóttir.

22.00 **Í kyrrð jólanna.** Umsjón: Egill Helgason.

24.00 **Jólanæturtónar.** Næturútvarp á báðum rásum til morguns. Fréttir kl. 8.00, 9.00. 10.00, 12.20 og 16.00.

**NÆTURÚTVARP**

1.00 **Jólanæturtónar.** Veðurfregnir kl. 4.30 og 6.45.

FM 98,9 BYLGJAN

9.00 **Haraldur Gíslason** tekur daginn snemma, hellir upp á og þurrkar af rétt áður en jólin koma. Jólakveðjur og hátíðarstemmning. Falleg jólatónlist og spjall um jólin.
14.00 **Jólastemmning.** Jólalögin og hátíðarstemmning allan aðfangadaginn og fram á nótt. Fólki hjálpað við jólasteikina, róleg og falleg jólatónlist í anda jólanna. Gleðileg jól.



STJARNAN FM 102 & 104

9.00 **Kristófer Helgason.** Kristófer vekur þig með ljúfum jólatónum og rokkar vel inn á milli.

12.00 **Punkturinn yfir i-ið.** Ekki nema nokkrar klukkustundir til jólanna. Stjarnan fylgist með tímanum og leggur ásamt þér síðustu hönd á jólaundirbúninginn. Viðtöl, jólakveðjur, jólalög og allir í góðu skapi. Dagskrárgerðarfólk Stjörnunnar hjálpast að.

16.00 **Jólatónlist.** Jólarokkið ókynnt.

18.00 **Jólabjöllur.** Ávarp útvarpsstjóra og hátíðartónlist. Jólakveðjur þekktra Íslendinga.

24.00 **Gleðileg jól.** Ókynnt jólatónlist á Stjörnunni.

EFF EMM 95,7

8.00 **Árni Vilhjálmur.** Óskalög og eldra efni fram til klukkan eitt.

13.00 **Sveinn Snorri.** Léttur og líflegur.

16.00 **Klemenz Arnarsson.** Sunnudagstónlist eins og hún gerist best.

19.00 **Benedikt Elfar.** Með breiðan smekk þótt grannur sé.

22.00 **Sigurjón „Diddi".** Fylgir ykkur inn í nóttina.

1.00 **Lifandi næturvakt.**

FM 90,9 AÐALSTÖÐIN

9.00 **Þorgeir Ástvaldsson.** Dagurinn er kominn og við erum með á nótunum.

12. **Anna Björk Birgisdóttir.** Sex tímar til stefnu. Hver veit nema að Anna Björk líti aðeins í pakkana.

14.00 **Bjarni Dagur og Margrét Hrafnsdóttir.** Nú er farið að rjúka úr pottunum og matarlyktin kemur manni í jólaskap.

16.00 **Lokaspretturinn.** Jólin eru að skella á. Verið viðbúin.

18.00 **VHátíðardagskrá Aðalstöðvarinnar.** Hátíðar jólatónlist, fróðleikur um jólahald landsmanna að fornu og nýju og rætt við fólk um jólahald við óvenjulegar aðstæður. Umsjón: Ásgeir Tómasson.

24.00 **Jólanæturdagskrá Aðalstöðvarinnar.**



SKY One

6.00 **The Hour of Power.** Trúarþáttur

7.00 **Gríniðjan.** Barnaefni.

11.00 **50 vinsælustu.** Poppþáttur.

12.00 **Beyond 2000.** Vísindaþáttur.

13.00 **That's Incredible.** Fræðslumynd.

14.00 **Fjölbragðaglíma (Wrestling).**

15.00 **The Incredible Hulk.** Spennumyndaflokkur

16.00 **Emergency.** Framhaldsmyndaflokkur.

17.00 **Joannie Loves Chachi.** Framhaldsmyndaflokkur.

17.30 **Sky Star Search.**

18.00 **Family Ties.** Gamanþáttur.

19.00 **The Sound of Music.** Kvikmynd.

22.00 **Entertainment This Week.**

23.00 **Fréttir.**

23.30 **Midnight Mass.**

SKY MOVIES

14.00 **A Passage to India.**

17.00 **'Twas the Night Before Christmas.**

18.00 **The Princess Bride.**

19.40 **Projector.**

20.00 **The Color Purple.**

22.30 **The Morning After.**

00.15 **Outrageous Fortune.**

02.00 **The Hitchhiker.**

02.30 **Monthy Python Live at The Hollywood Bowl.**

04.00 **Command in Hell.**

EUROSPORT

9.30 **Tennis.** Gamlir meistarar í keppni.

10.00 **Knattspyrna.** Heimsmeistarakeppni unglinga.

12.00 **Surfer Magazine.** Allt um brimbrettaíþróttina.

13.00 **Golf.** Ryder Cup.

14.00 **Showjumping.** Highlight.

15.00 **Curling.** Evrópumeistarakeppnin haldin í Sviss.

16.00 **Greg Lemond Special.**

17.00 **Rall.** París–Dakar.

18.00 **Listhlaup á skautum.** Austurþýska meistaramótið.

19.00 **Rodeo.**

20.00 **Tennis.** Bestu tennisleikarar ársins.

22.00 **Conquer the Arctic.**

23.00 **Siglingar.**

SCREENSPORT

7.00 **Ameríski fótboltinn.** Highlights.

8.00 **Golf.** Mazda Championship.

10.00 **Ameríski fótboltinn.** Leikur vikunnar í NFL-deildinni.

12.00 **Spánski fótboltinn.** Logrones–Real Madrid.

13.45 **Motorsport.**

14.30 **Íþróttir í Frakklandi.**

15.00 **Körfubolti.** Connecticut–Maryland.

16.30 **Listhlaup á skautum.** Heimsmeistarakeppnin í Washington.

18.00 **Íshokkí.** Leikur í NHL-deildinni.
20.00 **Körfubolti** Leikur háskólaliða.



**Með gleðiraust og helgum hljóm heitir dagskrá á aðfangadagskvöld þar sem Hamrahlíðarkórinn flytur Maríuvísur og gömul jólavers ásamt leikurunum Kristjáni Franklín Magnús og Ragnheiði Steindórsdóttur.**

## Sjónvarp á aðfangadagskvöld:

# Gleðiraust, aftansöngur og tónleikar

Þegar Íslendingar hafa lokið við að borða jólamatinn og gægjast í pakka á aðfangadagskvöld hefst sjónvarpsútsending aftur, klukkan 21.20, eftir hlé. Hamrahlíðarkórinn flytur þá Maríuvísur ásamt leikurunum Kristjáni Franklín Magnús og Ragnheiði Steindórsdóttur. Að því loknu mun biskup Íslands, herra Ólafur Skúlason, prédika í Bústaðakirkju. Kór kirkjunnar og barnakór syngja. Því næst verða jólatónleikar með Jessye Norman í Ely-dómkirkjunni í Cambridgeshire ásamt sinfóníuhljómsveit, drengjakór og kirkjukórum.



**Um miðnættið á aðfangadagskvöld flytur Helgi Skúlason kvæðið Nóttin var sú ágæt ein. Sigríður Ella Magnúsdóttir syngur ásamt kór Öldutúnsskóla.**

Dagskrá kvöldsins lýkur með lestri Helga Skúlasonar leikara á kvæðinu Nóttin var sú ágæt ein. Sigríður Ella Magnúsdóttir syngur ásamt kór Öldutúnsskóla. -ÓTT

## Aðfangadagur:

# „Jólagóðgæti" í útvarpinu

Ýmsir vel áheyrilegir þættir verða á rásum Ríkisútvarpsins á aðfangadag. Á rás 2 klukkan 16.05 munu Megas og Guðrún Gunnarsdóttir setjast við hljóðnemann, segja gamaldags jólasögur og leika jólalög. Um hálfáttaleytið mun Ríkharður Örn Pálsson síðan fjalla um „fislétta andlega tónlist fyrir fólk með tilfinningu fyrir niði aldanna".

Á rás 1 klukkan 13.00 tekur Ævar Kjartansson á móti gestum og mun eiga með þeim notalega jólahádegisstund. Söngvararnir Sigríður Ella Magnúsdóttir og Simon Vaughan ásamt Arnari Jónssyni leikara og Ingvari Jónssyni lágfiðluleikara verðar gestir Ævars. Klukkan átta á aðfangadagskvöld verður svo síðasti hluti jólavöku útvarpsins fluttur. -ÓTT



**Meðal barnamynda á Stöð 2 eru Stikilsberjastelpurnar sem fjallar um tvær stúlkur sem búa við ána Mississippi.**

## Stöð 2 á aðfangadag:

# Fréttir frá fréttastofu og barnaefni

Teiknimyndir og barnaefni bera hitann og þungann í dagskrá Stöðvar 2 á aðfangadag. Dagskráin hefst klukkan níu að morgni en lýkur síðdegis klukkan rúmlega fimm.

Fréttum verða einnig gerð skil á aðfangadag klukkan 13.30. Fréttatíminn stendur þá yfir í fimmtán mínútur. Að sögn Páls Magnússonar fréttastjóra verða fréttaþættir nú sendir út á öllum dögum um hátíðarnar, ólíkt því sem var í fyrra. Á jóladag og annan í jólum hefjast fréttir klukkan 19.19. -ÓTT